

Sp.

562. Tillaga til þingsályktunar

[145. mál]

um sérfræðilega aðstoð vegna sauðfjársjúkdóma.

Flm.: Finnur Jónsson, Jón Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita til sameinuðu þjóðanna og stjórnar efnahagssamvinnustofnunarinnar í Washington um aðstoð til varnar og útrýmingar sauðfjársjúkdómum.

Verði um kostnað að ræða vegna aðstoðar þessarar, greiðist hann úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð.

Sauðfjársjúkdómar hafa, svo sem kunnugt er, valdið bændum landsins geysmiklu tjóni á undanförunum árum og kostað ríkissjóð mikið fé. Skýrslur munu eigi fyrir hendi um beint eða óbeint tjón bænda af völdum þessara vágesta, enda mun erfitt að meta til fjár þá óvissu um afkomutruflanir og sársauka, sem það hefur valdið bændum að horfa upp á bústofn sinn hrynja niður eða veslast upp og geta ekkert að gert. Alþingi hefur að visu með stofnun sauðfjársjúkdómanefndar og fjárframlögum til hennar og með fjárskiptastyrk hlaupið undir bagga og kostað til miklu fé. Hefur kostnaður ríkisins numið um 34 milljónum króna til ársloka 1949, þar með taldar lántökur vegna fjárskipta. Enn eru fyrirhuguð fjárskipti og varnir á sýktum svæðum, sem áætlað er, að muni kosta ríkissjóð um 25 millj. króna á næstu 5 árum. Er þarna um mikið fé að ræða og mikið í húfi, að vel takist. Varla mun þó fyllilega öruggt talið, að mæðiveikinni verði útrýmt með þessum aðgerðum, og gegn garnaveiki munu þessar ráðstafanir ekki koma að haldi.

Vitað er, að bæði sameinuðu þjóðirnar og stjórn efnahagssamvinnustofnunarinnar í Washington hafa á að skipa hinum færustu sérfræðingum í sjúkdómum manna, dýra og jurta og láta þessa sérfræðikunnáttu í té meðlimum sínum, þegar nauðsyn krefur, með litlum eða engum tilkostnaði, eftir samkomulagi milli þessara stofnana.

Að þessu athuguðu telja flm. rétt að freista þess, hvort eigi muni, með því að leita til þessara stofnana, unnt að draga úr þeim kostnaði og áhættu, sem sauðfjársjúkdómum eru samfara, jafnhliða og haldið verður áfram þeim ráðstöfunum innanlands, sem Alþingi telur nauðsynlegar.